



Alþýðusamband Íslands

Ný lög um framhaldsfræðslu

22. mars sl. voru samþykkt á Alþingi ný lög um framhaldsfræðslu. Lögunum er ætlað að styrkja formlegan grundvöll framhaldsfræðslu hér á landi og gera hana að fimmtu grunnstoð íslensks menntakerfis. Lögunum er þannig ætlað að stuðla að hærra menntunarstigi þjóðarinnar þar sem einstaklingar með stutta formlega skólagöngu afli sér frekari menntunar. Jafnframt marka lögin lokaáfangi í heildarendurskoðun á lagaumhverfi íslensks menntakerfis sem byggist á því að veita einstaklingum tækifæri til náms alla ævi. Þannig er horft á menntakerfið sem eina heild frá leikskóla til háskóla, til framhaldsfræðslu og til óformlegrar menntunar sem fer fram utan skólakerfisins. Á undanförunum árum hefur framhaldsfræðslu á vettvangi atvinnulífsins vaxið fiskur um hrygg og er hún nú margháttuð og umfangsmikil. Með lögunum er lagður grunnur að heildstæðu kerfi framhaldsfræðslu.

Alþýðusamband Íslands hefur lengi verið þeirrar skoðunar að mikilvægt væri að setja sérstaka rammalöggjöf um framhaldsfræðslu (fullorðinsfræðslu). Nægir í því sambandi að benda á tillögur Verkefnisstjórnar um símenntun frá árinu 2004 sem ASÍ átti aðild að og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði 17. febrúar 2008, sem sett var fram að frumkvæði ASÍ þar sem segir m.a. að:

„Stefnt verði að því að eigi fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020. Markvisst verði unnið að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar fyrir fólk sem er á vinnumarkaði og hefur takmarkaða menntun. Þá eru fyrirhugaðar umbætur á framhaldsskólastigi sem leiða til þess að fleiri finni sér námsleiðir við hæfi og ljúki skilgreindu lokaprófi á framhaldsskólastigi.“

Lögin nú eru mikilvægt skref í þá átt að ná framangreindum markmiðum. Jafnframt fela þau í sér viðurkenningu á mikilvægi þess að fólk sem komið er út á vinnumarkaðinn hafi tækifæri til að auka þekkingu sína og færni, einkum að fólk með litla formlega viðurkennda menntun fái „annað tækifæri til náms“. Jafnframt felst í þeim viðurkenning á þörf launafólks og fyrirtækja fyrir eftir- og endurmenntun og nýsköpun til að mæta breyttum kröfum atvinnulífsins.

Frumvarpið sem lögin byggja á var unnið í ágætu samráði við aðila vinnumarkaðarins. Í frumvarpinu og athugasemdunum með því fólst mikilvæg viðurkenning á því samstarfi sem aðila vinnumarkaðarins hafa þróað með sér á sviði menntamála, á vettvangi heildarsamtakanna, í einstaka starfs- og atvinnugreinum og í samstarfi við fleiri aðila í símenntamiðstöðvunum. Um þetta segir m.a. í athugasemdunum:

„Við samningu frumvarpsins hefur m.a. verið leitast við að styðja við náid og árangursríkt samstarf Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA) í fræðslumálum sem hafa, í samstarfi við stjórnvöld, staðið fyrir rekstri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem hefur að mati aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda reynst vel. Þá munu starfsmenntamál opinberra starfsmanna verða meðal verkefna Fræðslusjóðs. Jafnframt hefur verið litið til þess hvernig starfsemi símenntunarmiðstöðva hefur þróast á liðnum árum, en æskilegt er að tryggðar verði stöðugri undirstöður fyrir það mikilvæga starf sem fram fer á þeirra vegum. Með starfsemi

símenntunarmiðstöðvanna hefur áunnist mikilvæg reynsla sem er um margt undirstaða framhaldsfræðslustarfs í landinu og stefnumótunar á því sviði, sem birtist m.a. í frumvarpi þessu.“

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ